
Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Árg. 5 tbl. júní 2021

Til aðstandenda leiða í Stóra-Núpskirkjugarði og annarra sóknarbarna og vina Stóra-Núps sóknar



Sóknarnefndin óskar eftir vinnufúsum höndum til að leggja hönd á plóg með að hjálpa okkur við slá og laga til í garðinum þetta þetta árið, því margar hendur vinna létt verk.

Ætlum að vera í Stóra-Núpskirkjugarði laugardaginn 12. júní kl. 13. Slá þarf garðinn, hreinsa beð og fleira.

Menn með 2 -4 sláttuorf væru vel þegnir. Þökur, mold, traktor og vagn verða á staðnum auk einhverra verkfæra. Ágætt ef einhverjir gætu tekið með sér hjólbörur, hrífur og einhver garðverkfæri. Viljum við hvetja sem flesta til að koma og aðstoða okkur við að gera fallegan garð enn fallegri.

Hressing í boði fyrir viðstadda!
Fyrir hönd sóknarnefndar
Kristjana Heyden G.8639518

Upp í sveit Dagskrá hátíðarhalda



17. júní í Árnesei

12.30 Dagskrá hefst með hefðbundnum koddaslag í Neslaug – Gengið verður svo fylgtu liði yfir í félagsheimilið Árnes þar sem fram fer hefðbundin hátíðardagskrá sem endar með kaffiveitingum. Veitingarnar eru að þessu sinni samstarf Sveitarfélagsins og Brytans og kosta 800 kr. fyrir 15 ára og eldri en ókeypis fyrir börn.

18. júní

Kl. 19 Kvöldganga um Hamraholtið – Gengið verður frá fjárhúsunum við Birkikinn og suður Harmaholt í Árnes. Gönguleiðin er ca 5 km, þægileg ganga um holt og hæðir með frábæru útsýni yfir sveitina þegar komið er suður holtið. Leiðsögumenn verða Sigurður og Sigríður í Steinsholti.

Kl. 21 Kahoot spurningakeppni á Brytanum og tilboð á barnum. – keppt er í liðum og gott er að búið sé að ná í smáforritið Kahoot í amk 1 síma í hverju liði. Verðlaun í boði fyrir sigurvegarana!

19. júní

Kl 11 – 14 Handverk og Hám – Handverkshátíð í Árnesei

Kl. 11 – 12 Froðurennibraut– slökkviliðið vökvar rennibrautina

Kl. 11-14 Leikjavöllur með allskonar þrautum og leikjum fyrir alla fjölskylduna.

Kl. 11 – 18 Frítt í sund í Neslaug

Kl. 11.00 – 14.00 Hádegisverðarhlaðborð á Brytanum-
Pylsur og kótilettur frá Korngrís og meðlæti með. Hlaðborðið
kostar 1750 kr fyrir fullorðna og 1200 kr fyrir börn 16 ára og
yngri.

Kl. 14 - 17 Parkour námskeið í Brautarholti *frekari
upplýsingar á næstu blaðsíðu

Kl. 18 - 21 Brytinn opinn og ýmis girnileg tilboð á
boðstólunum.

Kl. 21.00 Bjarni og Þorgils með lifandi tónlist á Brytanum í
Árnesi

20. júní

Kl. 13 Gönguferð með Berg í Þjórsárdal. Mæting við
Skógarskýlið. Gengið um skóginn, ganga sem hentar allri
fjölskyldunni með fróðleik um náttúru og nærumhverfi.

Alla helgina:

Skreytum sveitina, með allskonar litum. Svæðum í sveitarfélaginu
er skipt svo:

Skeiðin - Brautarholt:	Gult
Skeiðin – dreifbýli:	Rautt
Gnúpverjahreppur – Árnes:	Bleikt
Gnúpverjahreppur – dreifbýli:	Blátt

Hittniáskorun: sjá aftar í þessu blaði

Gaman væri að fá sem flesta til að skreyta og deila myndum á
samfélagsmiðlum.

Handverksmarkaðurinn Handverk og Hám verður haldinn í stóra
salnum í Árnesi. Vilborg í Skarði heldur utanum viðburðinn og þeir
sem vilja taka þátt hafa samband beint við hana í netfangið
vilmarius13@gmail.com

Parkour námskeið í Brautarholti 19. Júní kl. 14-17

Heilsueflandi Uppsveitir hefur fengið til sín reyndan Parkour þjálfara (Sindri Viborg) sem er vanur að vinna með börnum og unglingum. Námskeiðið er ca. 3 klst með smá nestis og drykkjarpásu. Sindri mun kynna íþróttina og kenna grunnatriðin. Við verðum í salnum í félagsheimilinu í Brautarholti og fáum að láni dýnur og ýmislegt annað frá Árnesi og Flúðum. Eins verður farið út og leikið með nokkrar áskoranir í umhverfinu. Allt eftir færni hvers og eins, en námskeiðið er fyrir átta ára og eldri. Að þessu sinni er ekkert þátttökugjald.

Þátttakendur mæti í íþróttafötum eða léttum fötum, með nesti og vatnsflösku, og sé einnig með klæðnað til að fara út.

Námskeiðið er hluti af samstarfi uppsveitanna um Heilsueflandi Uppsveitir. Ef það verður mikil þátttaka þá er möguleiki að halda tvö námskeið sama daginn.

Frá árinu 2007 hefur íþróttin Parkour verið kennd á Íslandi. Upphafsmaður þess er Sindri Viborg og hefur hann kennt Parkour víðsvegar um suðvesturhorn landsins. Á námskeiðinu mun Sindri fara yfir grunnhugmynda og aðferðafræði íþróttarinnar og kenna hvernig hægt er að vinna sig upp í hærri getustig út frá því

Öllum velkomið að taka þátt og hægt er að skrá sig á íbúasiðu Skeiða og Gnúpverahrepps og Heilsueflandi uppsveita.



Kvennareiðtúrin 19 júní 2021

Nú skal riðið til fjalla..! Hittumst í Fossnesi kl 13.00 og stígum í hnakk kl 13.30. Ríðum inn Fossnes haga, að Sneplafossi og Ásólfssstaðaskóg heim. Þetta er um 4-5 tíma reið, fer eftir drykkju og söng. Þórður í Árnesi ætlar að elda fyrir okkur eitthvað gott sem við borðum hér í Fossnesi á milli 6 og 7 Gisting verður í boði, heitur pottur fyrir þær sem vilja og geymsla fyrir hrossin. Tilkynna þarf þáttöku fyrir 17. júní Sigrún sími 486-6079 og sigrunfossnes@gmail.com og Helga sími 8654439

Þema helgarinnar er blár litur hjá fjallabændum svo það er nauðsynlegt að skreyta sig bláu...Sjáumst ígulhressar.

p.s. allar konur velkomnar, í mat ...og gistingu þess vegna..

Nefndin



Leikholtsfréttir í júní 2021

Gleðifréttir frá Leikholti! Nú er búið að laga mygluvandann í húsinu í Brautarholti og dagana 3.-7. júní fluttu starfsmenn leikskólann frá Blesastöðum yfir í Brautarholt. Flutningarnir gengu svakalega vel 😊 Allir starfsmenn Leikholts eiga svo sannarlega hrós skilið fyrir dugnaðinn og metnaðinn sem þeir lögðu fram við að flytja og koma öllum hlutum í eðlilegt horf fyrir opnun 8. júní.



Börnin voru mjög glöð að koma í leikskólann sinn aftur í Brautarholti og eru búin að njóta sín bæði inni og úti í leikskólagarðinum.

Við viljum koma fram þökkum til allra iðnaðarmanna sem lögðu sig fram að klára svo við gætum flutt þann 3. júní. Einnig þökkum við Blesastaðafólki fyrir að hýsa okkur sl. fjóra mánuði.

Nú er tekið við sumarplan í leikskólanum, starfsmenn leggja kapp á að klára allar skráningar sem þarf að skrá fyrir haustið og vinnan með börnunum fer í að njóta þess eins mikið að vera úti, fara í gönguferðir, ævintýraferðir, kynnast nærumhverfinu upp á nýtt og njóta þess að fara í salinn okkar góða auk þess að alltaf er unnið mikið með málörvun.

Með fylgja myndir frá fyrstu útiverunni í Brautarholti 8. júní ásamt kynningu á starfsmönnum sem nú starfa í Leikholti. Frá og með 1. júlí fara börn og starfsfólk í sumarfrí fram til 9. ágúst.


Bestu kveðjur fyrir hönd starfsfólks og barna í Leikholti
Elín Anna Lárusdóttir



Lausar lóðir í Árneshverfi


Skeiða og Gnúpverjahreppur auglýsir lausar lóðir í Árneshverfi,
Skeiða og Gnúpverjahrepp:

Hamragerði 1,3 og 5: Lóðirnar eru allar rúmlega 1000 m² og á þeim má byggja einbýli á einni hæð ásamt bílskúr. Hér má sjá brot úr deiliskipulagi Árneshverfis þar sem hægt er að sjá stærðir, legu og nýtingahlutfall við Hamragerði 1, 3 og 5



Gjaldskrá gatnagerðargjalda í Árneshverfi er mjög stillt í hóf. Grunnur að gatnagerðargjöldum er byggingakostnaður á fermetra í vísitölu fjölbýlishúss samkvæmt útreikningi Hagstofunnar í febrúar 2016 kr 199.953. Lágmarksgjald fyrir einbýlishúsaloð er um 980.000 kr. Fyrir par/raðhúsaloð um 710.000 kr. Greiðsluskilmálar eru eftirfarandi: Innan þriggja mánaða frá undirskrift loðarleigusamnings eða útgáfu byggingaleyfis skal greiða 25 % af álögðu gatnagerðargjaldi. Þegar lokið er lagningu bundins slitlags á viðkomandi götu skal greiða 75 % gjaldsins.

Nautavað 2: Lóðin er 4,7 ha að stærð og segir eftirfarandi um lóðirnar í greinargerð með deiliskipulagi: Eitt íbúðarhús skal vera á hverri lóð, ásamt bílskúr og auk þess er heimild fyrir einu til tveimur útihúsum fyrir dýr og fóður og einni vélageymslu. Íbúðarhús og bílskúr skulu vera að hámarki 400 m² að stærð. Samanlögð stærð á útihúsi og vélageymslu má vera allt að 2000 m² á hverri lóð.



Nýtingahlutfall
hverrar lóðar skal
aldrei fara yfir 0,15.
Smábýlabyggðin er
hugsuð sem
heilsársbyggð en
ekki frístundabyggð

Frekari upplýsingar um skipulag á svæðinu má finna á heimasíðu Skeiða og Gnúpverjahrepps: www.skeidgnup.is – þjónusta – deiliskipulag

Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um úthlutun lóða í Árnesi og Brautarholti skulu umsóknir vera skriflegar og koma fram í þeim nafn og heimilisfang umsækjanda ásamt því hvaða lóð er sótt um. Að jafnaði er það svo að fyrstur kemur fyrstur fær. Umsóknum skal skilað til sveitarstjóra og koma þarf fram með glöggum hætti byggingaráform og byggingahraða.

Landbótafélag Gnúpverja

Landbótafélag Gnúpverja var stofnað árið 2009 með það markmið að sjá um framkvæmd landbótaáætlunnar sem unnin var í samvinnu við Landgræðsluna. Samkvæmt landbótaáætlun hefur félagið skuldbundið sig til að dreifa úr amk. 50 rúllum á ári auk grasfræja og áburðar. Undanfarin tvö ár hefur félagið fengið verktaka með rúlludreifara og var í fyrra dreift úr rúmlega 100 rúllum á Hafið.

Landbótadagurinn í ár verður haldinn miðvikudaginn 16. júní nk og er öllum velkomnið að taka þátt. Frekari upplýsingar um starf félagsins og hvernig ganga megi í félagið má fá hjá Hrönn Jónsdóttur formanni félagsins.



Ertu hittin/n? Hér er áskorun til þín, unga sem aldna !

Sem hluti af Upp í sveit helgina 18.-20. Júní verður komið fyrir út í Kálfánni, fyrir ofan brúna á Gnúpverjavegi, spjaldi og gengur áskorunin út á að hitta í mark. Það er um að gera að finna matulegan stein og æfa sig aftur og aftur ☺

Þeir sem ná myndbandi af því að hitta í spjaldið er beðnir um pósta því á íbúasíðu Skeiða- og Gnúpverja á fésbókinni ásamt því að merkja það #uppísveit. Nöfn þeirra sem senda inn myndband verða sett í pott og verður dregin út einn vinningur: 16“ pizzu með tveimur áleggstegundum ásamt 12“ ostabrauðstangir frá Pizzavagninum.



Frá sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju

Aðalsafnaðarfundur Stóra-Núpsóknar var haldinn 07.06.2021

Á fundinum var farið yfir árið 2020 sem var einkennilegt eins og öllum er ljóst. Eina messu og skírn var hægt að hafa án nokkurra takmarkana í kirkjunni árið 2020.

En tvær fermingar og tvær útfarir voru að auki en með fjöldatakmörkunum. Streymt var litlum messukörnum sem sr. Óskar kallaði svo, á hvítasunnu, aðventu og gamlársgagn.

Þá kom einnig fram að nú er von til þess að farið verði í lokaframkvæmdir við kirkjuna að utan þ.e. tréverk lagað og kirkjan máluð.

Kjósa þurfti um gjaldkera og einn varamann í sóknarnefndinni og tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs og tvo til vara.

Ámundi Kristjánsson sitjandi gjaldkeri gaf kost á sér til áframhaldandi setu næstu 4 ár. Jóhannes Hlynur Sigurðsson, Ásólfsöðum kemur nú inn nýr inn í Sóknarnefnd sem varamaður í stað Einarar Bjarnasonar.

Þá voru skoðunarmenn reikninga eindurkosnir og varamenn þeirra. Sóknarnefnd þakkar Einar Bjarnasyni innilega fyrir samstarfið og býður Jóhannes Hlyn velkominn til starfa.

Sóknarnefnd kirkjunnar næstu misseri:

Kristjana Gestsdóttir, form. 2019 -2023

Ámundi Kristjánsson gjaldk. 2021 -2025

Árdís Jónsdóttir, ritari. 2019 -2023

Til vara:

Helga Kristinsdóttir 2019 -2023

Magnea Gunnarsdóttir 2019 -2023

Jóhannes H. Sigurðsson 2021 -2025

Skoðunarmenn reikninga til eins árs.

Ari Einarsson 2020-2021

Loftur Erlingsson 2020-2021

Til vara til eins árs.

Haukur Haraldsson 2020-2021 og Sigurður Loftsson 2020-2021